Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 29.06.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 27. júní 2018 varðandi eftirfarandi mál.

**Kirkjuteigur 24, Laugarnesskóli**
Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 31. maí 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis, með síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 24 við Kirkjuteig. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir færanlega kennslustofu ásamt tengigangi í gám sem notaður verður fyrir starfsfólk leikskólans. Byggingarreitur er staðsettur á lóð austan megin við núverandi færanlegar kennslustofur sem staðsettar eru norður af leikskólanum Hofi. Núverandi göngustígur frá Hofteig inn á skólalóð verður að hluta til færður til austurs, samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 31. maí 2018. Einnig er lagt fram minnisblað skóla- og frístundasviðs dags. 22. júní 2018.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*
*Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjöl: uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 31. maí 2018 og minnisblað skóla- og frístundasviðs dags. 22. júní 2018.

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12 – 14
105 Reykjavík




Hluti af gildandi deiliskipulagi Teigahverfis mkv.1:1000 samþykkt í borgarráði 19. maí 2011

**GREINARGERÐ - GILDANDI DEILISKIPULAG**

Í gildi er heildarskipulag Teigahverfis samþykkt í borgarráði 02.07.2002 með síðari breytingum. Síðasta samþykkta deiliskipulagsbreyting var samþykkt í skipulagsráði 19. maí 2011 en sú tillaga gerir ráð fyrir nýjum byggingarreit fyrir gervigrasvöll á suðausturhluta lóðarinnar. Einnig var samþykktur nýr byggingarreitur fyrir færanlega kennslustofu. Í dag er starfræktur á lóðinni Gullteigur 19, 6 deilda leikskóli með 122 börn frá eins - sex ára.

Fyrir þessar tvær lóðir eru í gildi eftirfarandi skilmálar:
Lóð Kirkjuteigur 24, grunnskólalóð, er 23.127 m2 að stærð. Á lóðinni er gert ráð fyrir að vernda skólabygginguna, einnig er gert ráð fyrir tveimur byggingareitum, reit (A) og reit (B). Aðrar eldri byggingar á lóðinni má fjarlægja. Byggingareitur (A) gerir ráð fyrir stækkun skólans, tveggja hæða skólabyggingu með kjallara og lágu risi. Innan byggingareits (B) má koma fyrir bráðabirgðakennslustofum með kjallara.

Lóð Gullteigur 19, leikskóli er 4.484 m2.
Gert er ráð fyrir a.m.k. 60 bílastæðum sem samnýtt eru af báðum lóðunum - auk 12 bílastæða, sleppistæða og stæði vegna vörumóttöku á norðurhluta lóðarinnar.

SÉRSKILMÁLAR FYRIR BOLTAGERÐI:
Mörkin eru 3 m. á breidd og 2 m. á hæð. Aðkoma inn á völlinn er um op á langhlið.Girðing er umhverfis völlinn og verður hann uppýstur inn á við með fjórum allt að 8m háum ljósastaurum. Lýsing er skermuð af og beint inn á grasvöllinn.
Girðingin umhverfis völlinn er allt að 1.2 m hæð á langhliðum og er hæst 3m. fyrir miðjum velli við mörkin. Sjá skýringaruppdrátt.

Huga skal að því að frágangur og útlit vallarins taki mið af aðstæðum og falli vel að mannvirkjum á lóð.




Skýringarmynd - Gervigrasvöllur með timburgirðingu




Tillaga að breytingu á deiliskipulagi mkv. 1:1000

**GREINARGERÐ - TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI**

Gerður er byggingarreitur fyrir færanlega kennslustofu ásamt tengigangi í gám sem notaður verður fyrir starfsfólk leikskólans. Byggingareitur er staðsettur á lóð austan megin við núverandi færanlegar kennslustofur sem staðsettar eru norður af leikskólanum Hofi.
Núverandi göngustígur frá Hofteig inn á skólalóð verður að hluta til færður tll austurs. Að öðru gilda eldri skilmálar.
Hámarkshæðin á færanlegum kennslustofum er 4.3 m. Heildarstærð á núverandi kennslustofum er allt að 190 m2.
Í tillögu að nýju deiliskipulagi er heildarstærð á færanlegum kennslustofum allt að 200 m2. Gámur fyrir starfsfólk er allt að 30 m2.

SKÝRINGAMYND, SNEIÐING NÚVERANDI DEILISKIPULAG




SKÝRINGAMYND, TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI







Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR

- BYGGINGARREITUR (A)
- BYGGINGARREITUR (B) FYRIR BRÁÐABIRGÐAKENNSLUSTOFUR
- BYGGINGARREITUR (C) FYRIR GERVIGRASVÖLL
- LÓÐAMÖRK
- VERNDUN 20. ALDAR BYGGINGAR
- BRÁÐABIRGÐAHÚSNÆÐI BYGGINGAR SEM HEIMILT ER AÐ FJARLÆGJA
- GÖNGUSTÍGUR
- NÝR BYGGINGARREITUR FYRIR FÆRANLEGAR STOFUR
- SVÆÐI SEM BREYTINGIN TEKUR TIL

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

______________________

þann __________ 20__ og í

______________________þann __________
20__.

Tillagan var auglýst frá __________ 20__ með athugasemdafresti til _________ 20__ .

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ______ 20_

______________________

Staðgreinir 0-1-1363301

Hönnunarstjóri: Rúnar Gunnarsson 090550-7999 | Samþykkt:

| | |
|---|---|
| Verk Deiliskipulagsbreyting | Teikn nr. 1 |
| v/Kirkjuteigur 24 | DHOF24-18010 |
| Laugarnesskóli | 1:1000 |
| Leikskólinn Hof | |
| Teiknað/hannað amb | Dags. 31.05.18 |
| | A2 |

Rúnar Gunnarsson arkitekt FAÍ 090550-7999
Dagný Helgadóttir arkitekt FAÍ 220849-3769
Anna María Benediktsdóttir arkitekt 041265-3969
Umhverfis-og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14, 105 REYKJAVÍK sími 411-8000

afrit

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 22. júní 2018
SFS2018060283

# MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Umhverfis og skipulagssvið

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Beiðni um færanlega stofu við leikskólann Hof***

Mikil og viðvarandi vöntun hefur verið á leikskólarýmum fyrir börn í Laugardalnum. Biðlista í leikskólann Hof og Laugasól hafa í mörg ár verið langir og mjög erfitt fyrir foreldra að koma börnum sínum þar inn fyrr en börn eru komin á þriðja eða fjórða aldursár.
Haustið 2018 fer stór árgangur barna sem hafa verið í leikskólanum Hofi í grunnskóla, en 42 börn eru að hætta og því 42 ný börn að hefja vistun. Þrátt fyrir það eru enn 26 börn á biðlista inn í leikskólann Hof, elsta barn komið á fimmta ár.

Samþykkt liggur fyrir í borgarráði um að auka rými barna í leikskólum og er sú vinna þegar farin að stað, einnig er áhersla á að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og því yngri börn að hefja leikskólagöngu sína en áður fyrr.

Að ofansögðu er því ljóst að vöntun er á leikskólarýmum við leikskólann Hof, og enginn nærliggjandi hverfisleikskóli sem tekur yfirflotið.

Skóla og frístundasvið óskar eftir því að Umhverfis og skipulagssvið setji færanlegri stofur við leikskólann Hof, þar til fyrirhuguð viðbygging verði gerð. Með því verður hægt að koma hluta þeirra barna sem enn eru á biðlista í leikskóla í hverfinu.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson